

Mánudaginn 12. desember kl. 15:00

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mætt eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Viðurkenningar myndlistarráðs

Myndlistarráð kom saman til að ræða mögulega viðtakendur fyrir viðurkenningar á þessu ári. Þetta er í þriðja sinn sem Myndlistarráð mun veita heiðursviðurkenningu og viðurkenningu fyrir útgefið efni og í annað sinn sem veitt er viðurkenning fyrir áhugaverðasta endurlitið og áhugaverðasta samsýningin.

Hver flokkur var ræddur gaumgæfilega og rýnt í margar hliðar. Síðustu vikur hafa útgefendur verið duglegir að skila inn eintökum og úrvalið er einstaklega fjölbreytt.

Myndlistarráð samþykkti að hittast aftur í byrjun janúar og taka lokaákvörðun.